

Charta oecumenica

Leiðbeiningar fyrir vaxandi samvinnu
kirknanna í Evrópu

RITRÖÐ UM SAMKIRKJUMÁL OG ÞVERTRÚARLEG MÁLEFNI

NR. 1

Efnisyfirlit

Inngangur – Karl Sigurbjörnsson biskup	5
Charta oecumenica	6
I. Við trúum á eina, heilaga, almenna og postullega kirkju ...	8
1. Saman kölluð til einingar í trúnni	8
II. Áleiðis til sýnilegs samfélags kirknanna í Evrópu	10
2. Saman við boðun fagnaðarerindsins	10
3. Að koma til móts við aðra	11
4. Saman í starfi	12
5. Að biðja saman	12
6. Að halda samtalinu áfram	14
III. Sameiginleg ábyrgð okkar í Evrópu	15
7. Að taka þátt í mótun Evrópu	15
8. Að sætta þjóðir og menningarheima	17
9. Að vernda sköpunina	18
10. Að dýpka samfélagið við gyðingdóminn	19
11. Að rækta samfélagið við Islam	20
12. Stefnumót við önnur trúarbrögð og lífsskoðunarfélög	21
Frá forsetum Kirknaráðs Evrópu og Samstarfsvettvangs kaþólskra biskuparáða í Evrópu	22



ÞJÓÐKIRKJAN

Texti þessi er þýddur úr ensku og þýsku og heitir á ensku:

Charta oecumenica

Guidelines for the Growing Cooperation among the Churches in Europe.

Þýðing: Þorgils Hlynur Þorbergsson og Kristján Valur Ingólfsson.

Ritstjórn: Steinunn A. Björnsdóttir

Umbrot: Argh ehf

Prentun: Gutenberg hf

Þjóðkirkjan, 2007

Inngangsorð

Ég fagna útkomu Charta oecumenica á íslensku. Hér er um að ræða tímamótaskjal, því að að því komu fulltrúar helstu kirkna Evrópu, rómversk kaþólskir, lútherskir, anglikanar og orþódoxir og reformertir. Því er ætlað að móta samræðu og samstarfsmenningu á öllum sviðum kirkjulífs og að gefa sameiginleg viðmið slíku starfi. Það er því ekki litið á Charta oecumenica sem endanlegt skjal, heldur er því ætlað að vera verkfæri kirknana til aukins skilnings og samstarfs.

Pegar skjalið var fyrst afhent í Strassborg árið 2001 þá var þar viðstaddur mikill fjöldi unglunga víðs vegar að úr Evrópu. Einn þeirra lyfti upp slitnum sanddolum sem tákn trúarinnar, vegferðarinnar með Kristi. Einn viðstaddra hafði orð á því að mörgum sanddolum hefði án efa verið slitið í þeirri löngu göngu sem leiddi til Charta oecumenica, og margir skór ættu eftir að slitna í samfylgd kirknanna til aukins skilnings og samstöðu. Frá fundinum fengu menn bakpoka með ritinu í, það var tákn þess sem því er ætlað að vera, leiðarþók og vinnuplagg til notkunar á vegferð kirknanna.

Ég bið þess að íslensk kristni taki við þessu riti og nýti sér vel á sameiginlegri vegferð. Prestar og forstöðumenn kristinna safnaða gætu til dæmis notað það sem grundvöll samtals í samkirkjulegum samverustundum og nýtt það til að dýpka skilning sinn á eðli samkirkjulegs starfs.

Ég þakka þeim sem stóðu að útgáfunni hér á landi: Steinunni Arnþrúði Björnsdóttur sem hafði umsjón með þýðingu og útgáfu, Þorgils Hlyni Þorbergssyni þýðanda og sr. Kristjáni Vali Ingólfssyni, sem las yfir og kom með ábendingar.

Í Guðs friði
Karl Sigurbjörnsson
biskup Íslands



Charta oecumenica

Leiðbeiningar fyrir vaxandi samvinnu kirknanna í Evrópu

Dýrð sé Guði föður og syni og heilögum anda.

Við sem tilheyrum Kirknaráði Evrópu og Samstarfsvettvangi kaþólskra biskuparáða í Evrópu¹ erum, í samræmi við anda boðskaparins frá báðum evrópsku samkirkjupingunum sem haldin voru í Basel 1989 og í Graz 1997, staðráðin í að varðveita og þróa enn frekar það samfélag sem orðið er til á milli okkar.

Við þökkum þríeinum Guði að hann með sínum heilaga anda leiðir skref okkar í átt til ennpá nánara samfélags.

Margvísleg form samkirkjulegrar samvinnu hafa nú þegar unnið sér sess. Í trúfesti gagnvart bæn Krists : *Allir séu þeir eitt, eins og þú, faðir, ert í mér og ég í þér, svo séu þeir einnig í okkur, til þess að heimurinn trúi, að þú hefur sent mig.* (Jh.17.21.) megum við þó ekki láta staðar numið þar sem við erum stödd nú.

Vel vitandi um sekt okkar og reiðubúin til afturhvarfs verðum við að leggja okkur fram um að yfirvinna þær gjár sem enn eru á milli okkar svo að getum sameiginlega kunngjört vitnisburð fagnaðarerindisins meðal þjóðanna.

Í því að hlýða sameiginlega á Guðs orð í heilagri ritningu og hvött til



ÞJÓÐKIRKJAN

¹ Kirknaråd Evrópu – the Conference of European Churches (CEC)- er samfélag 126 rétttrúnaðar-, mótmælenda- og gamal-kaþólskra kirkna ásamt 43 félagasamtökum frá öllum löndum Evrópu. Samstarfsvettvangur kaþólskra biskuparáða í Evrópu - the Council of European Bishops' Conferences (CCEE) er samstarfsvettvangur allra biskuparáða rómversk kaþólsku kirkjunnar í Evrópu.

játningar sameiginlegrar trúar okkar, sem og í sameinuðum verkum í samræmi við hinn þekkta sannleika, viljum við vera vitnisburður um kærleikann og vonina sem öllum er ætluð.

Frá Atlanshafi til Úralfjalla, frá Norðurkollu til Miðjarðarhafs, á meginlandi Evrópu sem í dag einkennist meir en nokkru sinni af fjölmenningu, viljum við með fagnaðarerindinu standa vörð um virðingu manneskjunnar sem sköpuð er í Guðs mynd og sem kirkja leggja sameiginlega fram okkar skerf til þess að sætta þjóðir og menningarheima.

Í þessum anda leggjum við fram þetta samkomulag, **charta oecumenica**, sem sameiginlega skuldbindingu til samtals og samvinnu. Það lýsir grundvallandi samkirkjulegum verkefnum og ályktar út frá þeim um leiðbeiningar og skyldur.

Á öllum sviðum hins kirkjulega lífs á það að styðja samkirkjulega hefð samtalsins og samvinnunnar, og setja sér bindandi viðmið um það.

Charta oecumenica hefur þó engin bindandi einkenni, hvorki kenningarleg, trúfræðileg né kirkjuréttarleg. Skuldbinding hennar felst miklu fremur í sjálfsskuldbindingu evrópsku kirknanna og samkirkjulegra stofnana. Kirkjurnar geta hver fyrir sitt svæði á grundvelli þessa grunntexta sett sér sínar eigin viðbætur og mótað sér sameiginleg sjónarhorn út frá raunverulegum aðstæðum og sérstökum verkefnum og þeim skuldbindingum sem af þeim leiða.



I. Við trúum á eina, heilaga, almenna og postullega kirkju

Kappkostið að varðveita einingu andans í bandi friðarins. Einn er líkaminn og einn andinn, eins og þér líka voruð kallaðir til einnar vonar. Einn er Drottinn, ein trú, ein skír, einn Guð og faðir allra, sem er yfir öllum, með öllum og í öllum. (Ef. 4. 3-6)

1. SAMAN KÖLLUÐ TIL EININGAR Í TRÚNNI

Í samræmi við fagnaðarerindi Jesú Krists, eins og því er vitni borið í heilagri ritningu og kunngjört er í samkirkjulegu trúarjátningunni frá Níkeu-Konstantínópel (381), trúum við á þríeinan Guð: föðurinn, soninn og hinn heilaga anda. Vegna þess að við með þessari játningu, játum „hina einu, heilögu, kaþólsku og postullegu kirkju“, er ófrávíkjanleg samkirkjuleg skylda okkar fólgin í því að láta þessa einingu, sem alltaf er gjöf Guðs, verða sýnilega.

Enn hindrar verulegur mismunur í trúarefnum sýnilega einingu. Það er ólíkur skilningur fyrst og fremst á kirkjunni sjálfri og einingu hennar, á sakramentunum og á embættunum. Þetta má ekki verða til þess að okkur fallist hendur. Jesús Kristur opinberaði okkur á krossinum kærleika sinn og leyndardóm friðþægingarinnar. Í eftirfylgdinni við hann viljum við gera allt sem okkur er mögulegt til að yfirvinna þau vandamál og þær hindranir sem enn skilja kirkjurnar að.



Við skuldbindum okkur til að

- fylgja eftir hinni postullegu áminningu Efesusbréfsins og leggja okkur fram um að finna sameiginlegan skilning hjálpræðisboðskapar Krists í fagnaðarerindinu.
- að starfa í krafti heilags anda að sýnilegri einingu kirkju Jesú Krists í einni trú, sem birtist í gagnkvæmri viðurkenningu skírnarinnar og í samfélagi þakkargjörðarinnar, sem og í sameiginlegum vitnisburði og þjónustu.



II. Áleiðis til sýnilegs samfélags kirknanna í Evrópu

Á því munu allir þekkja, að þér eruð mínir lærisveinar, ef þér berið elsku hver til annars. (Jh. 13:35)

2. SAMAN VIÐ BOÐUN FAGNAÐARERINDISINS

Þýðingarmesta verkefni kirknanna í Evrópu er að standa saman um að boða fagnaðareriðið til hjálpræðis öllum mönnum, í orði og gjörðum. Andspænis hinum áberandi skorti á viðmiðun og gildum, sem birtist í mörgum myndum, ásamt með ferringu frá kristnum gildum, en einnig í margvíslegri leit að tilgangi, er kristið fólk, konur og karlar, sérstaklega krafið um að bera trú sinni vitni. Til þess þarf aukinn vilja til þátttöku og miðlun á gagnkvæmri reynslu í trúfræðslu og safnaðarsálgæslu.

Ekki síður er þýðingarmikið að allt fólk Guðs miðli sameiginlega fagnaðareriðinu á hinum opinbera vettvangi, sem felur í sér ábyrga skuldbindingu á sviði félags- og stjórn mála.

Við skuldbindum okkur til að

- eiga samtali við aðrar kirkjur um störf okkar að útbreiðslu fagnaðareriðisins og komast að samkomulagi þar um, og forðast þannig skaðlega samkeppni og hættuna af nýjum klofningi
- viðurkenna að sérhver maður getur valið sér eftir sinni frjálsum samvisku hvaða trúarleg og kirkjuleg tengsl hann vill rækja. Engan má hvetja til að skipta um trúfélag með siðferðilegum þrýstingi eða með efnislegum gæðum; á sama hátt má engan hindra sem af frjálsum vilja vill skipta um trúfélag.

10



ÞJÓÐKIRKJAN

3. AÐ KOMA TIL MÓTS VIÐ AÐRA

Í anda fagnaðarerindisins verðum við að endurskoða sögu hinna kristnu kirkna, sem sannarlega einkennist af margskonar jákvæðri reynslu, en einnig af klofningi, fjandskap eða jafnvel stríðsástandi.

Mannleg skuld, skortur á kærleika og tíð misnotkun á trú og kirkju í pólitískum tilgangi hafa skaðað verulega trúverðugleika hins kristna vitnisburðar.

Samkirkjulegt starf hefst því hjá hinum kristnu með endurnýjun hjartans. Um leið þurfa þau að vera reiðubúin til iðrunar og afturhvarfs í samkirkjulegu hreyfingunni er sáttargjörðin þegar að starfi.

Þýðingarmikið er að þekkja og viðurkenna andlegar gáfur hinna ólíku kristnu siðvenja, læra hvert af öðru og auðgast af þeim. Fyrir frekari vöxt og viðgang samkirkjustarfsins er sérstaklega æskilegt að taka með reynslu og væntingar unga fólksins og styðja eftir mætti þátttöku þess.

Við skuldbindum okkur

- til að yfirvinna þá tilfinningu að hver kirkja sé sjálfri sér nóg og setja fordóma til hliðar en leita eftir gagnkvæmum samskiptum og gagnkvæmri aðstoð
- að hvetja til og styðja samkirkjulega samvinnu í kristinni fræðslu, í grunnenntun sem símenntum guðfræðinnar og í guðfræðirannsóknnum.



4. SAMAN Í STARFI

Samkirkjustarf fer þegar fram með margvíslegum hætti í sameiginlegum verkefnum. Fjölmargir kristnir einstaklingar frá hinum ýmsu kirkjum, lífa og starfa saman sem vinir, sem nágrannar, sem starfsfélagar eða innan sömu fjölskyldu. Sérstaklega er nauðsynlegt að styðja hjónabönd þeirra sem tilheyra tveim kirkjudeildum til þess að byggja á samkirkjulegum grunni sérhvern dag.

Við mælum með því að komið sé á samkirkjulegum starfshópum til aukinnar samvinnu heima í héraði, á landsvísu og í alþjóðlegu samstarfi. Innan Evrópu er nauðsynlegt að styrkja samstarf CEC og CCEE og stefna að fleiri evrópskum samkirkjubingum.

Þegar ágreiningur verður milli kirkna skal frumkvæði haft að friðsamlegri lausn og/eða veittur stuðningur til þess að hún finnist.

Við skuldbindum okkur

- að starfa saman á öllum sviðum kirkjulífs þar sem forsendur eru til þess og trúarástæður eða enn stærri tilefni standa ekki í vegi fyrir því
- að standa vörð um réttindi minnihlutahópa og hjálpa til þess að draga úr misskilningi og fordómum milli meirihluta- og minnihluta kirkna í löndum okkar.

5. AÐ BIÐJA SAMAN

Lífandi samkirkjustarf byggist á því að við hlýðum saman á Guðs orð og leyfum heilögum anda að verka í okkur og gegnum okkur. Í krafti þeirrar náðar sem það gefur, er nú á dögum unnið margvíslega og af krafti við að dýpka andlegt samfélag milli kirknanna með bæn og guðspjónustu og með því að biðja fyrir sýnilegri einingu kirkju Krists.

Sérstaklega sársaukafullt tákni um sundrunu meðal kristinna kirkna er að ekki eiga allar kirkjur sameiginlega aðgang að þakkargjörðarmáltíð Drottins.

Nokkrar kirkjur hafa fyrirvara gagnvart sameiginlegum samkirkjulegum bænastundum.

En yfirleitt einkennir andlegt líf okkar kristnu kirkna, fjöldi samkirkjulegra guðspjónusta, sameiginlegir sálmar og bænir, og sérstaklega bæn Drottins, Faðir vor.

Við skuldbindum okkur

- til að biðja fyrir hvert öðru og fyrir einingu kristninnar, að leggja okkur fram um að kynnast guðspjónustum og öðrum formum andlegs lífs annarra kirkna og læra að meta það,
- og að keppa að því marki að gestrisnin við Guðs borð nái til allra.



6. AÐ HALDA SAMTALINU ÁFRAM

Samtenging okkar sem grundvölluð er í Kristi hefur meginþýðingu í sambandi við ólíka afstöðu til guðfræðilegra og siðfræðilegra álita- mála. Meðan fjölbreytnin sem okkur er gefin, auðgar samfélag okkar, hafa andstæður í kenningunni, í siðfræðilegum efnum og í kirkjurétt- arlegum ákvörðunum, einnig leitt til aðskilnaðar milli kirkna. Þar léku oft stórt hlutverk sérstakar sögulegar kringumstæður og mismunandi menningarleg mótun.

Til þess að dýpka hið samkirkjulega samfélag er óhjákvæmilega nauðsynlegt að halda áfram tilraunum til að ná sameiginlegri niðurstöðu í trúarefnum. Án einingar í trúnni verður ekkert fullt kirknasamfélag til. Enginn valkostur er til annar en samtalið.

Við skuldbindum okkur

- til að halda áfram samtalinu milli kirkna okkar á hinum ýmsu sviðum af einlægni og krafti og kanna hvernig stofnanir kirkjunnar geti tekið við og nýtt niðurstöður samtalsins í starfi
- að leita samtals í ágreiningsmálum, sérstaklega þegar spurningar sem varða trú og siðferði geta valdið klofningi, í þeim tilgangi að fjallað sé um þessar spurningar í ljósi fagnaðarerindisins.

III. Sameiginleg ábyrgð okkar í Evrópu

*Sælir eru friðflytjendur, því að þeir munu Guðs börn kallaðir verða.
(Matt. 5.9)*

7. AÐ TAKA ÞÁTT Í MÓTUN EVRÓPU.

Í aldanna rás hefur ekkert frekar en kristindómurinn mótað menningu og trúarbrögð Evrópu. En kristnum mönnum hefur mistekist að koma í veg fyrir að Evrópubúar valdi þjáningu og eyðileggingu, bæði innan Evrópu og utan hennar. Við viðurkennum samábyrgð okkar á þessari skuld og biðjum Guð og menn um fyrirgefningu.

Trú okkar hjálpar okkur til að læra af fortíðinni og til að beita okkur fyrir því að kristin trú og náungakærleikur miðli von fyrir siðræn gildi og siðferði, fyrir menntun og menningu, fyrir stjórnmal og viðskipti, í Evrópu og um allan heim.

Kirkjurnar styðja við einingu á meginlandi Evrópu. Án sameiginlegra gilda verður engri varanlegri einingu náð. Við erum sannfærð um að hin andlega arfleifð kristindómsins sé hvetjandi kraftur sem auðgar Evrópu.

Á grundvelli okkar kristnu trúar beitum við okkur fyrir mannúðlegri og félagslega styrkri Evrópu þar sem mannréttindi og grunngildi friðar, réttlætis, frelsis, umburðarlyndis, samábyrgðar og samstöðu séu höfð að leiðarljósi.

Við leggjum áherslu á virðinguna fyrir lífinu, á gildi hjónabandsins og fjölskyldunnar, á stuðning við fátæka, og að að vera tilbúin til að fyrirgefa. Í þessu öllu leggjum við áherslu á miskunnsemina.

15



ÞJÓÐKIRKJAN

Sem kirkjur og alþjóðleg samtök verðum við að spyrna á móti þeirri hættu að Evrópa þróist í átt að sameinuðu vestri andspænis sundruðu austri. Jafnframt þarf að hyggja að norður-suður tengingunni. Um leið ber að forðast evrómiðlægar áherslur, en styðja ábyrgð Evrópu gagnvart mannkyni öllu, og sérstaklega gagnvart hinum fátæku í heiminum.

Við skuldbindum okkur

- til að vinna að gagnkvæmum skilningi á inntaki og markmiðum félagslegrar ábyrgðar okkar og vera eftir mætti samstiga í því að kynna málefni og sjónarmið kirknanna fyrir veraldlegum stofnunum í Evrópu
- að verja grunngildi gagnvart hverskyns framandi inngripi
- að standa gegn sérhverri tilraun til að misnota trúarbrögð og kirkju til þjónustu við markmið kynþátta – eða þjóðernishyggju.



8. AÐ SÆTTA ÞJÓÐIR OG MENNINGARHEIMA.

Við lítum svo á að hinir margvíslegu siðir og venjur héraða og þjóða, menningarsamfélaga og trúarbragða teljist til auðæfa Evrópu. Með tilliti til hinna fjölmörgu dæma um ágreining er það hutverk kirknanna að leggja stund á sameiginlega þjónustu sáttargjörðarinnar einnig gagnvart þjóðum og menningarsvæðum. Við vitum að friður á milli kirknanna er mikilvæg forsenda þess að svo megi verða.

Saman leggjum við okkur fram um að dæma um og leysa vandamál af stjórn málaegum og félagslegum toga, á grundvelli fagnaðarerindisins. Vegna þess að við metum persónu og virðingu sérhvers einstaklings út frá því að hann er skapaður í Guðs mynd, beitum við okkur fyrir fullkomnu jafnrétti allra.

Við viljum sameiginlega sem kirkjur styðja framgang lýðræðisins í Evrópu. Við beitum okkur fyrir friðarstefnu sem leysir ágreiningsmál án ofbeldis. Við fordæmum ofbeldi í öllum myndum þess og alveg sérstaklega ofbeldi gegn konum og börnum.

Til að sáttargjörð verði veruleiki þarf að styðja við félagslegt réttlæti meðal allra þjóða, og umfram allt að yfirvinna gjána milli ríkra og fátækra, eins og líka atvinnuleysið. Saman viljum við leggja okkur fram um að tekið sé á móti innflytjendum, flóttafólki og hælisleitendum í Evrópu á mannsæmandi hátt.

Við skuldbindum okkur

- til að vinna gegn hverskyns þjóðernishyggju sem leiðir til kúgunar þjóða og þjóðarbrot, en leita lausna hvarvetna án valdbeitingar
- að styrkja stöðu kvenna og jafnrétti þeirra á öllum lífskeiðum, svo og að styðja réttlátt samfélag kvenna og karla í kirkju og samfélagi.



9. AÐ VERNDA SKÖPUNINA.

Í trú á kærleika Guðs, skaparans, meðtökum við í þakklæti gjafir sköpunarinnar, verðmæti og fegurð náttúrunnar. En með ugg og ótta horfum við uppá tillitlausu ofnýtingu gæða jarðar algjörlega án tillits til verðgildis þeirra eða takmörkunum og án þess að hugsað sé um heill komandi kynslóða.

Við viljum í sameiningu berjast fyrir áframhaldandi lífsmöguleikum allrar sköpunarinnar. Í samræmi við ábyrgð okkar fyrir Guði verðum við sameiginlega að gera gildandi, og þróa enn frekar viðmið um það sem manneskjan er vísindalega og tæknilega fær um að gera en má siðferðilega ekki gera.

Við mælum með því að kirkjur Evrópu innleiði sérstakan samkirkjulegan bænadag, þar sem beðið er fyrir varðveislu sköpunarinnar.

Við skuldbindum okkur

- til að leytast við að velja lífstíl sem leggur áherslu á varanleg lífsgæði en berst gegn hverskyns viðskiptaþvingunum og neyslustýringu
- að styðja kirkjulegar stofnanir á sviði umhverfismála og samkirkjuleg samtök sem axla ábyrgð á varðveislu sköpunarinnar.

10. AÐ DÝPKA SAMFÉLAGIÐ VIÐ GYÐINGDÓMINN.

Einstök tengsl binda okkur við Ísraelsþjóðina, sem Guð gerði sérstakan sáttmála við.

Í trúnni vitum við að systur okkar og bræður í gyðingdómi eru „í ljósi útvalningarinnar elskuð sakir feðranna. Guð iðrar ekki náðargjafa sinna og köllunar.“ (Róm 11. 28-29)

Þau „fengu sonarréttinn, dýrðina, sáttmálana, löggjöfina, helgihaldið og fyrirheitin. Þeim tilheyra og feðurnir, og af þeim er Kristur kominn sem maður“ (Róm 9.4-5)

Við hörmum og fordæmum allar andsemitiskar yfirlýsingar, haturs-árásir og ofsóknir. Við biðjum Guð að fyrirgefa andgyðinglega stefnu meðal kristinna manna og systkin okkar meðal gyðinga biðjum við um sættir.

Það er mjög nauðsynlegt að í boðun og kenndu, í kenningu og lífi kirkna okkar komi hin sterka tenging kristinnar trúar við gyðingdóm skýrt í ljós og að þær styðji samstarf og samvinnu kristinna manna og gyðinga.

Við skuldbindum okkur

- til þess að standa gegn hverskyns andsemitisma og andgyðinglegum áherslum í kirkju og samfélagi
- að leita allra leiða til að koma á samtali við systkin okkar í gyðingdómi og efla það.





11. AÐ RÆKTA SAMBANDIÐ VIÐ ISLAM

Múslimar hafa öldum saman búið í Evrópu. Í mörgum evrópskum löndum mynda þeir sterka minnihlutahópa. Í tímans rás hafa orðið til góð tengsl og gott nágrenni milli múslima og kristinna, en einnig á sama tíma verulegir fordómar og aðgreining á báðar hliðar. Þetta byggist á sársaukafullri reynslu sögunnar og einnig á síðari tímum.

Við viljum efla samskipti múslíma og kristinna og styrkja samtalið þeirra á milli á öllum sviðum. Sérstaklega hvetjum við til þess að fram fari samtal þeirra á milli um trúna á hinn eina Guð, og skilninginn á mannréttindum.

Við skuldbindum okkur

- til að mæta múslimum af virðingu
- að starfa með múslimum að sameiginlegum málefnum.

12. STEFNUMÓT VIÐ ÖNNUR TRÚARBRÖGÐ OG LÍFSSKOÐUNARFÉLÖG

Fjölbreytni í sannfæringu og lífsmótun eftir trúarefnum og lífsskoðun er orðin að tákni fyrir menningu Evrópu. Austurlensk trúarbrögð og ný trúarsamfélög breiðast út og mæta áhuga einnig hjá mörgum meðal hinna kristnu.

Ennfremur fjölga þeim sem hafna kristinni trú, verða hlutlaus gagnvart henni, eða taka upp aðra heimssýn.

Við viljum taka alvarlega gagnrýnar spurningar sem til okkar er beint og leggja okkur fram um heiðarlega umræðu. Þar ber að gera góðan greinarmun á því til hvaða samfélaga er leitað eftir samtali og við hvaða samfélögum ber að vara að skilningi kristninnar.

Við skuldbindum okkur

- til að viðurkenna trúfrelsi og samviskufrelsi einstaklinga og samfélaga og vinna að því því að þau geti sem einstaklingar og félög, í einrúmi og opinberlega, iðkað trú sína og heimssýn innan ramma gildandi réttar og laga.
- að vera opin gagnvart samtali við alla menn góðs vilja, að fylgja með þeim sameiginlegum markmiðum, og bera kristinni trú vitni gagnvart þeim.

**Jesús Kristur er sem Drottinn hinnar einu kirkju
okkar stærsta von um sáttargjörð og frið.
Í hans nafni viljum við halda áfram
á hinum sameiginlega vegi í Evrópu.
Við biðjum Guð um hjálp hans heilaga anda.**

*Guð vonarinnar fylli yður öllum fögnuði og friði í trúnni, svo að þér
séuð auðgír að voninni í krafti heilags anda. (Róm. 15.13)*

Við, forsetar Kirknaráðs Evrópu og Evrópuráðs biskupafunda, mælum með því að þessi Charta Oecumenica sé grunnnexti allra kirkna og biskupafunda í Evrópu til viðtektar og notkunar meðal þeirra í þeirra eigin samhengi.

Með þessum tilmælum undirritum við Carta Oecumenica í samhengi hins Samkirkjulega samstarfs fyrsta sunnudaginn eftir sameiginlegu páska árið 2001

22

Strassburg 22. apríl 2001

Metropolitan Jérémie

*forseti Kirknaráðs
Evrópu*

Kardinal Vlk

*forseti Samstarfsvettvangs kaþólskra
biskuparáða í Evrópu*



ÞJÓÐKIRKJAN



WWW.KIRKJAN.IS